

KONUNGLEG AUGLÝSING

1
1. febr.

um

að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Það Vér höfum í hyggju að ferðast til útlanda, viljum Vér samkvæmt 1. gr. laga 11. febrúar 1871, um ríkisstjórn þegar svo stendur á, að konungur er ekki orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða er fjarverandi, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga, að ríkisstjórn í fjarvist Vorri sé falin á hendur ríkisarfanum.

Því birtum Vér hér með vorum trúu og kæru þegnum, að sonur Vor elskulegur, hans konunglega tign krónprins Christian Frederik Franz Michael Carl Valdemar Georg, tekur við ríkisstjórn í Voru nafni frá þessum degi þangað til Vér komum heim aftur.

Gjört á Amalíuborg, 1. febrúar 1929.
Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

KONUNGLEG AUGLÝSING

2
6. marz

um

að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Eftir að Vér erum aftur heim kominn úr ferð Vorri til útlanda, kunngjörum Vér hérmeð Vorum kæru og trúu þegnum, að Vér höfum í dag sjálfur tekið við ríkisstjórninni, sem Vér 1. febrúar, samkvæmt 1. gr. í lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga 30. nóvember 1918, höfum falið á hendur í fjarvist Vorri syni Vorum elskulegum, hans konunglegu tign ríkisarfa Christian Frederik Franz Michael Carl Valdemar Georg.

Gjört á Amalíuborg, 6. marz 1929.
Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.